

# MOSFELLINGUR

10. tbl. 6. árg. föstudagur 17. ágúst 2007. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



## MOSFELLSBÆR 20 ÁRA

Frá opnum hátíðarfundum  
bæjarstjórnar þann 9. ágúst  
Ljósmynd: Magnús Már

### EIGN VIKUNNAR

### Byggðarholt



146,6 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð  
með bílskúr. Verð kr. 36,7 m.

Kjarna,  
Pverholti 2  
Mosfellsbæ  
**586 8080**  
www.fastmos.is




Sjá nánar á bls. 3

**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnesteð  
Löggiltur fasteignasali



MOSFELLSBAKARI

Erum flutt í Háholt 13-15

### RÉTTINGAVERKSTÆÐI

**Jóns B. ehf**

Flugumýri 2 Mosfellsbæ  
Símar: 566 7660 og 697 7685  
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

**CABAS**  
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



# MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is  
www.mosfellingur.is

**Útgefandi:** Mosfellingur ehf.  
Álafossvegi 18, sími: 694-6426  
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**  
Hilmar Gunnarsson  
**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur  
**Prófkör:** Hjördís Kvarn Einarsdóttir  
**Ljósmyndari:** Magnús Már Haraldsson  
**Prentun:** Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki  
vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að  
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

**Næsta blað kemur út 7. sept**

## Til hamingju Mosó...

Mosfellsbær fagnar nú 20 ára afmæli. Þann 9. ágúst hófust hátíðarhöldin með pompi og prakt og munu þau standa yfir þar til bæjarhátíðinni „Í túninu heima“ lýkur þann 26. ágúst. Mosfells-



bær hefur lagt mikinn metnað í afmælis-dagskrána sem er hin glæsilegasta. Fjöldi bæjarbúa hefur tvöfaldað á þessu 20 árum, voru 4000 árið 1987 en nálgastr

nú 8000. Bærinn vex og dafnar og megum við eiga von á örari fjölgun á næstu misserum.


Salome Þorkelsdóttir var gerð að heiðursborgara og má lesa ítarlegt viðtal við hana í blaðinu að því tilefni. Að lokum vil ég nota tækifærið og bjóða alla bæjarbúa velkomna á ljósmyndasýningu Mosfellingar sem er til sýnis í Listasal Mosfellsbæjar. Mosfellingur hefur verið starfræktur í 5 ár og því gríðarlegur fjöldi mynda úr eigu blaðsins sem komu til greina á sýninguna sem hin fjölbreyttasta.

*Hilmar Gunnarsson, ritstjóri*



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Mosfellshreppur hlaut kaupstaðarréttindi og fékk þar með nafnið Mosfellsbær. Mikil hátíðardagskrá fór fram þennan dag, 9. ágúst 1987. Haldnir voru síðasti hreppsnefndarfundur Mosfellsshrepps og fyrsti fundur nýrrar bæjarstjórnar. Á myndinni má sjá fyrstu bæjarstjórnina við merki Mosfellsbæjar. Frá vinstri: Pengill Oddsson, Aðalheiður Magnúsdóttir, Magnús Sigsteinsson, forseti bæjarstjórnar, Páll Guðjónsson, bæjarstjóri, Þórdís Sigurðardóttir, Óskar Kjartansson, Helga Richter og Oddur Gústafsson



## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Verið velkomin á sýninguna

## Mosfellingar samtímans

- myndir úr safni bærblaðsins Mosfellingar

í Listasal Mosfellsbæjar í tilefni 20 ára afmælis Mosfellsbæjar.

Sýningin er samvinnuverkefni Mosfellingar og menningarmálanefndar Mosfellsbæjar.  
Sýningin stendur til 25. ágúst

MOSFELLINGUR



[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)  
**Sími: 586 8080**

**Kjarna, Pverholti 2  
 Mosfellsbæ**

**EINAR PÁLL KJÆRNESTED  
 Löggiltur fasteignasali**



**Birkiteigur - 207,7 m2 sérhæð í tvíbýli**

Flott 160,9 m2 efri sérhæð ásamt 46,8 m2 bílskúr við Birkiteig 3 í Mosfellsbæ. Mjög fallett útsýni er úr íbúðinni, en um er að ræða nýja íbúð sem afhendist fullbúin með innréttingum og gólfefnum. Verið er að helluleggja bílaplan fyrir framan húsið. Þetta er spaný íbúð í nýrúppbyggðu hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er laus til afhendingar.  
**Verð kr. 49,0 m.**



**Tröllateigur - 133,5 m2 endaíbúð**

**\*NÝTT Á SKRÁ\*** Vorum að fá mjög glæsilega 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í 4ra hæða lyftublokk með bílastæði í lokaðri bílageymslu við Tröllateig 20 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög stór og rúmgóð, stór stofa og borðstofa, eldhús með fallegri eikarinnréttingu, tvö svefnherbergi, flísalagt baðherbergi og stórt þvottahús ásamt geymslum. Bílastæði í bílageymslu og tvær stórar geymslur. Þetta er topp íbúð á besta stað í húsinu. **Verð 31,5 m.**



**Litlikriki 28 - 219 m2 einbýli**

Erum með tvö 219,2 m2 einbýlishús í byggingu, með TVÖFÖLDUM bílskúr í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsin eru staðsteypt hús á einni hæð með hefðbundnu timburpaki, með alzink bárujárnri. Íbúðin er 177,0 m2 og bílskúrinn er 42,2 m2.  
**Verð 38,4 m.v. fokhelt, með grófjafnaðri lóð, gluggar glerjaðir og þakantur frágenginn.**  
**Verð 43,7 m. m.v. tilbúid undir tréverk.**



**Byggðarholt - 146,6 m2 raðhús**

Erum með 122,2 m2 raðhús á einni hæð ásamt 24,4 m2 bílskúr á fallettum stað við Byggðarholt í Mosfellsbæ. Falleg innrétting í eldhúsi sem er nýlega endurnýjað ásamt baðherbergi. 4 svefnherbergi, stór stofa, hol og gesta wc. Sólskáli og stór og skjólgóður suðurgarður.  
**Verð kr. 36,7 m.**



**Urðarholt - 371 m2 atvinnuhúsnæði**

306,1 m2 atvinnuhúsnæði ásamt 65,1 m2 milli lofti í miðbæ Mosfellsbæjar. Í dag er Mosfellsbakari með verslun og framleiðslusal í húsinu. Þetta er stórt atvinnuhúsnæði á góðum stað í vaxandi bæjarfélagi - hús sem vekur upp ýmsar spennandi hugmyndir.  
**Verð kr. 53,5 m.**



**Tröllateigur - stór 4ra herb.**

**\*NÝTT Á SKRÁ\*** Vorum að fá mjög fallega 122,8 m2, 4ra herbergja íbúð á 2.hæð í fjórþýlishúsi í nýju húsi við Tröllateig 19 í Mosfellsbæ. Þrjú stór svefnherbergi, stór geymsla/vinnuherbergi, glæsilegt baðherbergi, eldhús með borðkrók, sér þvottahús, sjónvarpshol og stofa. Þetta er topp eign á flottum stað, miðsvæðis í Mosfellsbæ.  
**Verð kr. 29,8 m.**

**Krókabyggð - Glæsilegt einbýlishús**

Erum með glæsilegt 325 m2 einbýlishús á tveimur hæðum á skógivaxinni 2.000 m2 eignarlóð rétt við Varmána í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi, 3 baðherbergi, stór og mikil stofa með arni, eldhús, þvottahús og geymslur. Lóðin er 2.000 m2 skógivaxin eignarlóð og stendur húsið rétt við Varmána, en þar eru frábærar gönguleiðir og útivistarsvæði. Þetta er reisulegt hús á einstakri lóð rétt við Varmána - eign sem vert er að skoða - þetta er eign sem vert er að skoða.  
**Verð 84,0 m.**



**Helgugrund 3 - 204,0 m2 einbýlishús**

Vorum að fá í sölu glæsilegt og vel hannað 204,0 m2 einbýlishús á einni hæð við Helgugrund 3 á Kjalarnesi - norður Reykjavík. Fjögur svefnherbergi, glæsilegt eldhús, hvítt með Miele tækjum. Baðherbergi m/kari og sturtuklefa, stór stofa og gestasalemi. Plankaparket og flísar á gólfum og 2,75 cm lofthæð. Þetta er mjög flott eign á frábæru verði. **Verð kr. 47,9 m.**



**Barrholt - 225 m2 einbýlishús**

Fallett 224,7 m2 einbýlishús á einni hæð með bílskúr og vinnustofu við Barrholt í Mosfellsbæ. Um er að ræða "hefðbundnið" 174 m2 einbýlishús í Mosfellsbæ, en á síðasta ári var byggt við húsið 50 m2 vinnustofa sem eftir er að fullklára. Hún gæti einnig vel nýst sem stór bílskúr, unglingsherbergi eða aukaíbúðarrými. Frábær staðsetning, rétt við alla þjónustu og skóla. Skipti á annari eign koma til greina.  
**\*\*Lækkað verð - nú kr. 44,9 m.\*\***



**Tröllateigur - 3ja herb lúxus m/bílsk.**

Glæsileg 122 m2 lúxusíbúð á 2. hæð í 4ra hæða lyftublokk með bílastæði í lokaðri bílageymslu við Tröllateig 20 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög stór og rúmgóð, stór stofa og borðstofa, eldhús með eikarinnréttingu, tvö svefnherbergi, flísalagt baðherbergi og stórt þvottahús ásamt geymslum.  
**Verð 28,5 m.**

# Hátíðardagskrá á afmæli bæjarins

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hélt opinn hátíðarfund 9. ágúst í tilefni af 20 ára afmæli bæjarins en hann fékk kaupstaðarréttindi hinn 9. ágúst árið 1987. Á fundinum var ákveðið að gera Salome Þorkeldsdóttur, fyrrverandi alþingismað, að heiðursborgara.

## Útivistar- og ævintýragarður

Ákveðið var að gera gangskör að því að reisa útivistar- og ævintýragarð í Mosfellsbæ. Áformað er að hann risi á svæði sem nefnt er Hvammar og er á milli Varmár og Köldukvíslar. Að sögn Haraldar Sverrissonar formanns skipulags- og byggingarnefndar er þessi tillaga mikið fagnaðarefni. „Þetta er kjörinn staður fyrir þessa starfsemi og gefur mikla möguleika á tengingu við önnur útivistar- og íþróttasvæði eins og Stekkjarflötina, Varmárvæðið og Tungubakka. Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um hvað gæti farið fram í svona garði. Hefur þar verið nefnt m.a. þrautaleiktæki ýmskonar sem má sjá í einhverri mynd í Kjarna-skógi á Akureyri. Nefndur hefur verið möguleiká á að þarna verði reist skáta-



Marteinn Magnússon tekur til máls á opnum fundi bæjarstjórnar.

heimili með tilheyrandi aðstöðu og að tjaldsvæði Mosfellsbæjar verði á þessum stað. Jafnframt eru í vinnslu hugmyndir um að gera Köldukvísl að laxveiðiá.”

## Tímamóta listaverk

Bæjarstjórn ákvað enn fremur á fundi sínum að láta gera útilistaverk í tilefni tímamótanna. Þá var líka samþykkt að stofna barna- og unglingaráð Mosfellsbæjar.

Hátíðardagskráin var fjölbreytt



Haraldur Sverrisson, Þengill Oddsson og Magnús Guðmundsson ræddu bæjarmálin.

og vel sótt af bæjarbúum. Í Listasal var opnuð skemmtileg sýning á ljósmyndum af bæjarlífinu úr fórum Mosfellings, djasstrío Reynis Sigurðssonar lék ljúfa tóna og flutt var verkið „...og fjöllin urðu kyr“ sem gert var í tilefni afmælisins.

## Upphaf bæjarhátíðar

Afmæli Mosfellsbæjar markar að þessu sinni upphaf bæjarhátíðar Mosfellsbæjar í túninu heima en hápunktur hennar er 23.-26. ágúst.



Páll Guðjónsson fyrsti bæjarstjóri Mosfellsbæjar ásamt núverandi bæjarstjóra Ragnheiði Ríkhardsdóttur.



Bryndís Scram og Höskuldur Óska Salome heiðursborgara innilega til hamingju.



Mæðgurnar alltaf jafn myndalegar þær Sigríður Þorvaldsóttir og Þórunn Lár.



Helga, Gunnar Helgi og Marta, starfsmenn Bókasafnsins, í Listasalnum.



Stefáni Ómari og Alla Rúts leist vel á myndirnar á ljósmyndasýningunni.

## Úr sögu Mosfellsbæjar:

### Hreppur verður bær

Árið 1987 voru Mosfellingar tæplega 4000 og raddir urðu sífellt háværari um að skynsamlegast væri að breyta sveitarfélaginu í bæ með formlegum hætti. Langri sögu Mosfellshrepps lauk hinn 9. ágúst 1987 og síðasti fundur hreppsnefndar var haldinn í íþróttahúsinu að Varmá að viðstöddum fjölmörgum bæjarbúum. Strax á eftir tók við fyrsti fundur bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, Magnús Sigsteinsson oddviti varð forseti bæjarstjórnar og Páll Guðjónsson sveitarstjóri varð bæjarstjóri. Hátíð var í nýjum bæ allan daginn og um kvöldið var boðið til grillveislu við félagsheimilið Hlégarð.

Nokkur umræð varð um nafngift hins nýja bæjarfélags. Hreppsþúum var gefin kostur á að koma með tillögur og lögðu langflestir til að sveitarfélagið yrði nefnt Mosfellsbær en aðrar tillögur voru meðal annars Varmárþbær, Mosþbær, og Fellabær.



Jónas og Karl voru hæst ánægðir að loknum hátíðarfundum bæjarstjórnar.



Karl Loftsson ásamt eiginkonu sinni við hátíðarhöldin.



Þessar brostu breytt fyrir ljósmyndarann en fjöldi fólks mætti á hátíðardagskrána.



Síðasta sveitabarnið og fyrsta bæjarbarnið. Stúlkurnar tvær ásamt mæðrum sínum þeim Steinunni Ástu og Þuríði. Úrklippa úr Dv 12. ágúst 1987



Mosfellingarnir og aðstandendur ljósmyndasýningar, sem opnuð var í Listasalnum, þeir Magnús Már Haraldsson, Hilmar Gunnarsson og Karl Tómasson.

Stuðlum að hreinum Mosfellsbæ og minnkum umfang sorps með flokkun og endurvinnslu



# Græna tunnann

Græna tunnann er losuð einu sinni í mánuði og í hana mátt þú setja: Dagblöð, tímarit, bæklinga, pappa, mjólkurfernur, plastumbúðir, niðursuðudósir og minni málmhluti.

Flokka þarf ólíka hluti í glæra plastpoka áður en þeir fara í tunnuna.



*Rafhlöður og gler má ekki setja í Grænu tunnuna.*



Þú greiðir 950 kr. á mánuði fyrir Grænu tunnuna og rennur sú upphæð óskipt til yngriflokkastarfs knattspyrnudeildar Aftureldingar til 31. des. 2007.



Mosfellsbær hefur ákveðið að niðurgreiða losunargjald Grænu tunnunar og geta því íbúar Mosfellsbæjar sótt um **4500 kr. endurgreiðslu** tvisvar á ári.

**Á næstu dögum mun fulltrúi frá knattspyrnudeild Aftureldingar banka upp á og bjóða þér að panta Græna tunnu.**

*Íbúar fjölbýlishúsa eru hvattir til að kynna sér möguleika á Grænni tunnu í síma 577 5757*

Einnig getur þú pantað Grænu tunnuna hjá Íslenska gámafélaginu í síma 577 5757 netfang: [graenatunnan@gamur.is](mailto:graenatunnan@gamur.is)



## ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

## Jóhanna skólastjóri í námsleyfi í vetur

Í vetur verður Jóhanna Magnúsdóttir, annar skólastjóri Lágafellsskóla í námsleyfi og mun Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri miðstigs, leysa hana af á meðan.



Nokkrar fleiri breytingar eru í stjórnunarteymi skólans sem verður eftirfarandi næsta vetur:

**Skólastjórar:** Sigríður Johnsen og Ásta Steina Jónsdóttir

**Deildarstjórar:** Elísabet Jónsdóttir, Vilborg Sveinsdóttir og Sesselja Gunnarsdóttir.

**Aðstoðarleikskólastjóri 5 ára deildar:** Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir.



## Kanna fornleifar í Leirvogstungu

Leirvogstunga ehf. og Fornleifastofnun Íslands standa fyrir uppgreftri í bæjarhólum í Leirvogstungu. Samningurinn er stærsti verksamningur sem einkaaðili hefur gert til þessa um nauðsynlega vísindarannsókn á menningarsögulegum verðmætum í landi sem hann byggir á. 400 íbúða byggð rís nú í Leirvogstungu með tilheyrandi gatnagerð og jarðraski. Rannsóknin er því björgunaraðgerð þar sem fornum munum og nýrri þekkingu er safnað upp úr jörðinni til varðveislu áður en vegagerð er haldið áfram.

Fornleifafræðingar eru nú komin niður á bæjarrústir frá því fyrir 1500 og hafa fundið hlaðna vegg, torf og grjót og gamlan pening. Stefnt er að því að ljúka rannsókninni fyrir vetrarbyrjun.



## Ferðahópur til Tenerife 12. sept.

Fundur verður haldinn í Listasalnum við bókasafnið í Kjarna, þriðjudaginn 28. ágúst kl. 16.00.

# Daði Þór Einarsson hefur yfirumsjón með skipulagningu „Í túninu heima“ Íbúar taki virkan þátt

Bæjarhátíðin „Í túninu heima“ fer fram dagana 23.- 26. ágúst nú á 20 ára afmælisári Mosfellsbæjar.

Stuðmenn og Gildran taka forskot á sæluna á fimmtudagskvöldið með útitónleikum að Varmá. Þetta er í þriðja skiptið sem bæjarhátíðin fer fram og eru ýmsar nýjungar á dagskránni.

### Metnaðarfull dagskrá

Mosfellingur náði tali af Daða sem hefur umsjón með skipulagningunni. „Bærinn leggur mikinn metnað í hátíðina enda stórafmæli í ár. Skemmtilegast er að fá alla bæjarbúa til að taka þátt og gera hátíðina að því sem hún er. Allir leggjast á eitt, kórarnir, grunnskólarnir, fyrirtækin, íþróttafélögin og svo að sjálfsögðu hin almenni íbúi.“ Daði hvetur Mosfellinga til að kynna sér dagskrána vel og taka virkan þátt í hátíðarhöldunum sem framundan eru.



Bærinn skreyttur í fjórum litum. Daði hvetur bæjarbúa til þátttöku

### 2000 manns í brekkunni

„Í fyrra renndum við alveg blint í sjóinn td. með brekkusönginn á föstudagskvöldinu sem endaði með því að um 2000 manns mættu og höfðu gaman að.“ Nú bætum við um betur og skreytum bæinn í fjórum litum

mætum í okkar lit á uppákomurnar.

„Ég veit til þess að Leikbær og Bymos eru búin að byrgja sig upp af ýmiskonar varningi fyrir skreytingarnar og hlakka ég til hátíðarinnar.“

**Dagskrá hátíðarinnar má sjá í heild sinni annars staðar í blaðinu.**

# Gott tækifæri

Við óskum eftir sveinum og meisturum í heils- og hálf dagsstörf á liflegum og ört stækkandi vinnustað. Óskum einnig eftir nemum til starfa.

**TEXTURE**  
hárstofa

www.texture.is • Sími 566 8506

## Jónatansferð!

Laugardaginn 1. sept. verður skoðunarferð til Strandakirkju í Selvogi. Aksturinn er í boði Hópferðabíla Jónatans, en greiða þarf fyrir veitingar kr. 1.500. Lagt af stað kl. 13.00 frá Hlaðhömrum. Skráning í síma 5868014 e.h.

## Handverksstofan

Handverkstofan á Dvalarh. Hlaðhömrum, er opin alla virka daga kl. 13-16. Skráning er hafin á námskeið í tréskurði og bókbandi. Sími 5868014 e. hádegi, Svanhildur.

## ELDRI BORGARAR



# STÓRDANSLEIKUR

# Í HÍLGARÐI



**LAUGARDAGINN 25. ÁGÚST**

Húsið opnar kl. 23.00  
**Dúettinn Hljómur**  
hitar upp

Loksins, loksins alvöru stuð  
fyrir Mosfellinga í Mosó!

# GILDRAN

Í fyrra var fullt hús og brjálað fjör - hvernig verður þetta ár?

Miðaverð aðeins kr 1.950

Forsala aðgöngumiða verður á Varmárvelli fimmt. 23. ágúst og á brekkusöngnum í Ullarnesbrekku föstudaginn 24. ágúst

Í tóninu  
**HEIMA**

Allur ágóði af dansleiknum rennur  
til Barna- og unglingsstarfs  
Knattspyrnudeildar Aftureldingar



# Í túninu HEIMA

## FIMMTUDAGUR 23. ÁGÚST

### 20:30 ÍPRÓTTAVÖLLURINN AÐ VARMÁ

Mosfellsbær býður bæjarbúum til útitónleika í tilefni af 20 ára afmæli bæjarins. Stuðmenn og Gildran leika. Þjörgunarsveitin Kyndill sér um öryggisgæslu og skátarnir selja heitt kakó.

## FÖSTUDAGUR 24. ÁGÚST

### 10:00

#### Bókasafn Mosfellsbæjar í Kjarna

**Möguleikhúsið** sýnir leikritið *Langafi drullumallar* fyrir 4 ára börn úr leikskólum Mosfellsbæjar.

**Íþrótt- og útivistardagur barna:** Dagskrá unnin af kennurum grunnskóla Mosfellsbæjar.

**Hljómsveitir** á vegum félagsmiðstöðvar bæjarins leika í sal Varmáskóla.

### 13:00 – 17:00 LISTASALURINN Í KJARNA

#### Mosfellingar samtímans

Bæjarblaðið Mosfellingur sýnir fjölda ljósmynda í eigu blaðsins í tilefni af 5 ára afmæli.

### 16:00 BÆRINN SKREYTTUR Í 4 LITUM

Bæjarbúar hvattir til að skreyta bæinn í 4 litum eftir hverfum. Mosfellsbær verður skipt upp í fjóra hluta og hefur hver hluti sinn sérstaka lit (gulur, rauður, grænn eða blár).

Höfðar, Hlíðar, Tún og Mýrar – gulur.

Tangar, Holt og Miðbær – rauður.

Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og Dalur – grænn.

Reykjahverfi – blár.

### 17:00 BÆJARLEIKHÚSIÐ

10 – 12 ára leikarar Leikfélags Mosfellsveitar sýna spunasöngleikinn *Ofviðrið á sviði*.

## SETNING HÁTÍÐAR:

### 19:45 YFIR ÍPRÓTTASVÆÐINU AÐ VARMÁ

Magnús Norðdal listflugmaður sýnir kúnstir í háloftunum.

### 20:00 DAGSKRÁ Í ÍPRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ

Setningarávarp Ragnheiðar Ríkhardsdóttur bæjarstjóra.

Heiðursborgari Mosfellsbæjar heiðraður.

Ávarp forseta bæjarstjórnar Karls Tómassonar.

Trío Björns Thoroddsen og Andrea Gylfadóttir.

Skrúðganga út í brekkur.

## DAGSKRÁ Í ULLARNESBREKKUM

Varðeldur tendraður.

Þjörgvin Franz Gíslason skemmtir.

Eldblástur og stomp.

Dúettinn Hljómur leiðir brekkusöng.

Skátar úr Mosverjum selja heitt kakó.

Kyndlar tendraðir í lok dagskrár.

Bílastæði við íþróttahús, Hlégarð og Brúarland.

Göngustigur liggur meðfram Varmá, yfir göngubrú og að dagskráarsvæði.

**ATH:** Engin umferð bíla er leyfð inn á svæðið.

## LAUGARDAGUR 25. ÁGÚST

### 10:00 – 13:00 ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN AÐ VARMÁ

**Regnbogahlaupið.** Mannræktin ATORKA skipuleggur hringhlaup á fellin fjögur umhverfis Mosfellsbæ (Helgafell, Reykjafell, Reykjaborg og Úlfarsfell). Gert er ráð fyrir þremur klukkustundum fyrir þá sem eru í góðri þjálfun. Orkudrykkir í boði á toppi hvers falls.

### 11:00 – 13:00 FLUGVÖLLURINN TUNGUBÖKKUM

Módelflugáhugamenn setja vélar sínar á loft ef veður leyfir.

### 11:00 – 18:00

**Stekkjjarflöt:** Skátafélagið Mosverjar. Ratleikur fyrir alla aldurshópa með léttum þrautum. Veitingar, grín og glens fyrir fólk á öllum aldri.

**Hlíðarvöllur:** Þúttflatir Golfklúbbsins Kjalar opnar fyrir alla sem langar að prófa að þútta. Í klúbbhúsinu eru veittar nánari upplýsingar.

**Ratleikur á hestum:** Ræst verður í Laxnesi kl. 11.00. Riðið um Katlagil, þar sem silfur Egils Skallagrímssonar er falið og þaðan yfir Mosfellið, niður bakka Leirvogsar og komið í mark við Harðarbol. Vegleg verðlaun í bæði unglingaflokki og meistaraflokki.

Skráning í Þjónustuveri Mosfellsbæjar og lýkur henni miðvikudaginn 22. ágúst.

**Íþróttasvæðið að Varmá:** Fló og fjör heldur flóamarkað í tjaldi við Íþróttamiðstöðina. Allt á að seljast, klinkið í fullu gildi.

### 12:00 – 16:00 ÁLAFOSKVVOS

**Varmársamtökin með útimarkað.** Seld verður fersk lífræn matvara, blóm og handverk ásamt því að boðið verður upp á veitingar og ýmsa skemmtan.

### 12:00 – 17:00 ÚTIMARKAÐUR MOSSKÓGA Í MOSFELLSDAL

Grænmeti frá Mosskógum, silungur frá Heiðarbæ, rósir frá Dalsgarði o.fl. o.fl.

### 13:00 – 17:00 LISTASALURINN Í KJARNA

#### Mosfellingar samtímans

Bæjarblaðið Mosfellingur sýnir fjölda ljósmynda í eigu blaðsins í tilefni af 5 ára afmæli.

### 13:00 – 18:00 SÝNINGARHÖLL

**Íþróttahúsið að Varmá:** Fyrirtæki, klúbbar, félagasamtök og einstaklingar kynna starfsemi sína. Ýmislegt í boði, m.a. hestaferð, teymt undir börnum – hoppkastali o.fl.

**Ferðasafn stærðfræðisafnsins Mathematikum frá Þýskalandi:** Safnið hefur verið sett upp víða um heim og þar er að finna verkefni og þrautir af ýmsum toga. Þar getur fjölskyldan fundið viðfangsefni við sitt hæfi. Sýningin er í Íþróttamiðstöðinni að Varmá.

„Komið að dansa“ – Hópur fjörugra dansáhugamanna hvetur gesti til að dansa með.

## DAGSKRÁ Á HÁTÍÐARSVIÐI Í SÝNINGARHÖLL

Kl. 13:30 Álfarnir Þorri og Pura skemmta börnum.

Kl. 14:00 Hljómsveitir frá Félagsmiðstöðinni Bólinu stíga á svið.

Kl. 15:00 Ragnar Bjarnason ásamt kvartett Reynis Sigurðssonar.

Kl. 16:30 Fimleikasýning fimleikadeildar UMFA.

Kl. 17:00 Leikfélag Mosfellsveitar með dagskrá.

# BÆJARHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR

## DAGSKRÁ DAGANA 23. - 26. ÁGÚST 2007

### 13:00 – 18:00

„**Borhola 13**“ – Mosfellsbær er uppspretta heita vatnsins!  
Orkuveita Reykjavíkur með opið hús í dælustöðinni við Dælustöðvarveg í Reykjahverfi.

### 14:00 VARMÁRVÖLLUR

**Hundasýning:** Hundaræktunarfélag Íslands.

### 16:00 GLJÚFRASTEINN

„... og fjöllin urðu kyr“ – Hátíðardagskrá í tilefni 20 ára afmælis Mosfellsbæjar. Bjarki Bjarnason og Sigurður Ingvi Snorrason hafa tekið saman dagskrána sem er fléttuð úr tónlist, sögum og veruleika úr Mosfellsbæ og -sveit fyrr og síðar, m.a. með augum Nóbelskáldsins. Flytjendur: Eyjólfur Eyjólfsson, Sigurður Ingvi Snorrason, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Hávarður Tryggvason, Bjarki Bjarnason og Þórunn Lárusdóttir.

### 15:45 – 16:00 FLUGKLÚBBUR MOSFELLSBÆJAR

Höfplug yfir hátíðarsvæðið.

### 16:00 VARMÁRVÖLLUR

**Verðlaunaafhending og tilnefning:**  
Sigurvegari í unglingsflokki og meistaraflokki í ratleik hestamanna. Litaglaðasti bæjarhluti Mosfellsbæjar tilnefndur. Afhending umhverfisviðurkenninga.

### 16:17 ÓLYMPIULEIKAR MOSFELLSBÆJAR

Starfsmenn fyrirtækja keppa í ýmsum þrautum með ólympísku ívafi.

### 17:00 LISTASALUR MOSFELLSBÆJAR Í KJARNA

Tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar með tónleika.

### 18:00 GÖTUGRILL

Íbúar Mosfellsbæjar halda götugrill í vel skreyttum götum bæjarins.

### 23:30 HLÉGARÐUR

**Stórdansleikur Þruma og eldinga**  
Hljómsveitin Gildran leikur fyrir dansi.

## SUNNUDAGUR 26. ÁGÚST

### 13:00 – 17:00

**Íþróttahúsið að Varmá:** Fyrirtæki, klúbbar, félagasamtök og einstaklingar kynna starfsemi sína. Ýmislegt í boði, m.a. hestaferð, teymt undir börnum, dagskrá fyrir leikskólabörn, hoppkastali o.fl.

**Ferðasafn stærðfræðisafnsins Mathematikum frá Þýskalandi:** Sýning heldur áfram frá deginum á undan.

„**Borhola 13**“ – Mosfellsbær er uppspretta heita vatnsins!  
Orkuveita Reykjavíkur með opið hús í dælustöðinni við Dælustöðvarveg í Reykjahverfi.

**Fornbílaklúbbur Íslands:** Fornbílar félagsmanna í FBÍ verða til sýnis við Íþróttahúsið að Varmá.

**Golfklúbburinn Kjölur:** Unglingaeinvígið í Mos nú haldið í þriðja sinn og er sem fyrr um að ræða boðsmót þar sem fimm stigahæstu drengjum og þremur stigahæstu stúlkum í öllum aldursflokkum á Kaupþings-mótaröð GSÍ, að loknum fjórum mótum, er boðin þátttaka.

Tíu keppendur hefja leik í hverjum aldursflokki og er leikið frá rauðum teigum að hvítum og frá fyrstu holu til sjöundu, en þá standa eftir þrjár keppendur í hverjum aldursflokki sem keppa til úrslita ásamt sigurvegaranum frá því í fyrra.

### 14:00 BÆJARLEIKHÚSIÐ

**Leiksýning Leikfélags Mosfellsveitar.** 13–16 ára leikarar Leikfélags Mosfellsveitar sýna leikritið *Ofviðrið* eftir Shakespeare.

### DAGSKRÁ Á HÁTÍÐARSVIÐI Í SÝNINGARHÖLL

Kl. 13:30 Álfarnir Þorri og Þura skemmta börnum.

Kl. 14:00 Fimleikasýning fimleikadeildar UMFA.

Kl. 14:30 Álafosskórinn – Stjórnandi: Helgi R. Einarsson.

Karlakór Kjalnesinga – Stjórnandi: Páll Helgason.

Kammerkór Mosfellsbæjar – Stjórnandi: Símon H. Ívarsson.

Mosfellskórinn – Stjórnandi: Páll Helgason.

Reykjalundarkórinn – Stjórnandi: Íris Erlingsdóttir.

Vorboðarnir – Stjórnandi: Páll Helgason.

Samsöngur kóranna við undirleik Skólahljómsveitar.

Mosfellsbæjar. Stjórnandi: Daði Þór Einarsson.

Kl. 16:00 Hin vinsæla hljómsveit Sprengjuhöllin leikur í boði OR.

Kl. 17:00 Formlegri dagskrá í íþróttahúsi lokið.

### 13:00 – 16:00 VIÐ ÍÞRÓTTAHÚSIÐ AÐ VARMÁ

Leikskólabörn með dagskrá.

### 17:00 DAGSKRÁRLOK

**GÓÐA SKEMMTUN!**



Bautasteinn afhjúpaður í Mosfellskirkjugarði

## 150 ár frá mannskað- anum á Mosfellsheiði

Hinn 30. júní sl. komu saman í Mosfellskirkjugarði afkomendur vermannanna sem létust á Mosfellsheiði fyrir 150 árum. Var afhjúpaður bautasteinn með áletruðum nöfnum hinna látnu.

Hinn 7. mars 1857 urðu sex vermenn úr Laugardælum og Biskupstungum úti á Mosfellsheiði í aftakaveðri. Þeir voru jarðsettir í Mosfellskirkjugarði í Mosfellssveit. Nú 150 árum síðar hafa ættingjar þeirra látið klappa stein og sett á hann koparplötu með nöfnum þeirra. Af þessu tilefni fór séra Jón Þorsteinsson sóknarprestur með blessunarorð og Magnús Guðmundsson sagnfræðingur hélt erindi þar sem hann sagði frá atburðinum 1857.



Endurnýjun styrktarsamnings Glitnis og Harðar

## Glitnir styrkir öflugt æskulýðsstarf

Glitnir Mosfellsbæ og Hestamannafélagið Hörður hafa endurnýjað styrktarsamning sín á milli fyrir árið 2007. Hjá félaginu er rekið öflugt æskulýðs- og unglingsstarf og er styrkurinn hugsaður til að styrkja starfið enn frekar.

„Glitni er sönn ánægja að styrkja það kraftmikla starf sem rekið er hjá Hestamannafélaginu Herði og það er ánægjulegt að sjá hversu mikinn áhuga unga fólkið hefur á hestamennskunni,“ sagði Arnheiður Edda

Rafnsdóttir viðskiptastjóri Glitnis í Mosfellsbæ.

Á myndinni má sjá Sigurð Hinrik Teitsson stjórnarmann taka við styrknum fyrir hönd Hestamannafélagsins Harðar úr höndum Arnheiðar Eddu Rafnsdóttur Viðskiptastjóra hjá Glitni Mosfellsbæ. Einnig eru á myndinni Þóra María Sigurjónsdóttir á Kröflu, Hrafnhildur Jóhannsdóttir á Sikli og Játvarður Ingvarsson á Helming.



## Hressir krakkar á Reykjalundi

Þeir voru hressir krakkarnir í útivinnunni á Reykjalundi þegar blaðamaður bar að garði. Sveinn Sveinsson verkstjóri fer fyrir þessum fríða hópi sem hefur unnið ótullega á Reykjalundi í sumar. Umhverfi Reykjalundar er viðamikilið og hefur Sveinn séð um umhirðu þess í fjölda ára og á sumrin fær hann ætíð spræka skólakrakka með sér í lið.



## Ofsaakstur í miðju íbúðahverfi

Ekið var á tvo kyrrstæða bíla í Skeljatanga aðfaranótt laugardags 7. júlí um kl. 5 að nóttu. Enginn hefur gefið sig fram vegna þessa en vitað er að dökkur Volvo átti hlut að máli þar sem brot af málningu og ljósabúnaði fannst á staðnum. Billinn hefur verið á miklum hraða á götu sem merkt er 30 hámarkshraði. Bílarnir eru báðir mjög illa farnir og annar bíllinn er gjörónýtur. Ef einhverjir eru vitni af þessum skemmdarverkum eða þekkja til bílsins sem er að öllum líkindum skemmdur á hægri hlið vinsamlega tilkynnið til lögreglu.



**Kæru vinir!**

Við þökkum af alhug öllu því elskulega fólki sem umvafði okkur kærleika og gáfu okkur styrk við fráfall og útför elsku hjartans drengsins okkar

**Þorbergs Gíslasonar Roth**  
Hveramýri II og Furubyggð 34

**Vinir Þorbergs, strákar og stelpur!**

Einlægni ykkar og samhyggð, sem þið tjáðuð svo óhikað, hefur fyllt okkur aðdáun og trausti á ungu kynslóðinni.

*Megi þeir kyndlar fylgja öllum á vegferð lífsins.*

**Vera Roth, Gísli Jóhannsson og fjölskyldur**

# Um Varmársamtökin

Varmársamtökin hafa látið mikið að sér kveða á undanförunum mánuðum og ljúka senn sínu fyrsta starfsári. Sem almennur félagsmaður í samtökunum hyggst ég horfa um öxl á þessum tímamótum og benda á ýmislegt sem betur hefði mátt fara í starfinu.



Ef slík ummæli eru ekki meiðandi veit ég ekki hvað það orð merkir.

## Sérkennilegur málfutningur

Stjórn Varmársamtakanna hefur verið ódeig við að gagnrýna bæjaryfirvöld fyrir meinta misbresti við stjórnarsýslu. Ég vil hrósa stjórnarfólki fyrir að kynna sér lög og reglugerðir um umhverfis- og skipulagsmál og vekja bæjarbúa til umhugsunar um þau. En lífið er ekki bara regluverk, umræðan þarf að byggjast á sanngirni og umburðarlyndi í garð náungans og sátta um það sem ákveðið hefur verið af lýðræðislega kjörnum yfirvöldum. Einn liðsmaður samtakanna, Bryndís Schram, ritaði í grein í Lesbók Morgunblaðsins 9. júní sl. að Varmársamtökin hefðu reynt að koma vitinu fyrir bæjaryfirvöld í tengibrautumáliinu, líkt og Mosfellingar hefðu kosið skyni skroppið fólk til valda.

Fleiri dæmi mætti nefna um sérkennilegan málfutning af hálfu samtakanna. Þegar umhverfisskýrsla um tengibrautina var birt síðastliðið vor, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að vegtengingin framhjá Kvosinni væri sú skásta, þrátt fyrir allt, gaf Gunnlaugur varaformaður í skyn í netskrifum að bæjaryfirvöld hefðu í raun pantað niðurstöðurnar hjá fyrirtækinu sem vann skýrsluna.

Með afskiptum sínum aftengibrautumálinu blönduðu samtökin sér í pólitískt mál hér í bænum með afgerandi hætti og tóku afstöðu gegn ákveðnum stjórnmalaflokkum sem er alltaf óæskilegt fyrir íbúasamtök. Enda er svo komið að samtökin, eða að minnsta kosti hluti stjórnarinnar, hefur verið spyrtingur saman við einn stjórnmalaflokk og ekki alltaf ljóst hvenær menn eru að skrifa sem stjórnarmenn Varmársamtakanna, fylgismenn Samfylkingarinnar eða privatmenn.

## Girðingargjörningur

Síðastliðinn vetur tók ég sæti í sögu- og safnanefnd samtakanna. Ég hef mikinn áhuga á viðfangsefnum nefndarinnar auk þess sem ég skynjaði þann kraft sem oft fylgir grasrót-arstarfi. En eftir að hafa fylgst með málfutningnum, sem að framan greinir, og ekki síst framgöngu varaformanns samtakanna við niðurrið á girðingu kringum vinnusvæði á Álafossi 15. maí síðastliðinn sagði ég mig úr téðri nefnd. Ég felli mig ekki við að starfa í umboði stjórnar sem ver slíkar baráttuáferðir en stjórnarmennirnir Berglind Björgúlfsdóttir, Sigrún Pálsdóttir og Gunnlaugur B. Ólafsson báru í bæti fláka fyrir þennan verknad af fullum þunga.

Meðal annars taldi eitt þeirra að hér væri um táknrænan gjörning að ræða. Það er auðvitað hægt að fepra öll manna verk með því að túlka þau á táknrænan hátt sér í vil en ég tel fyrst og síðast að með girðingargjörningnum hafi forystusveit Varmársamtakanna farið rækilega yfir strikið, tekið sér vald sem er utan við verksvið þeirra og í óþökk margra félagsmanna.

## Framtíðin

Nú í haust verður haldinn aðalfundur Varmársamtakanna. Þá kemur í ljós hvort núverandi stjórn nýtur áframhaldandi trausts félagsmanna. Sjálfur efa ég stórlega að málfutningur hennar hafi hljómgrunn meðal félagsmanna eða bæjarbúa almennt nema að takmörkuðu leyti, svo ekki sé minnst á yfirvöld, hverju nafni sem þau kunna að nefnast.

Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar, og reyndar fjölmargir fleiri, að undir núverandi stjórn hafi samtökin misst trúverðugleika sinn. Og ef það er rétt til getið hjá mér er þá ekki vert að staldra við og spyrja: Til hvers var þá allt þetta stríð og streð? Var kannski verr farið en heima setið?

Bjarki Bjarnason

## ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



## Ófærir göngustígar

Íbúi í Reykjaværvi hafði samband við blaðið og vildi koma á framfæri óánægju sinni. Biðlaði hann til garðeigenda að klippa tré sín og runna svo fólk gæti átt leið hjá með góðu móti. Allt of mikið væri um það trjágreinar hindruðu fólk á göngu sinni um göngustíga bæjarins og þá sérstaklega í Reykjaværvi. Tökum höndum saman og bætum okkar nánasta umhverfi svo allir geti vel við unað.

Íbúi í Reykjaværvi



## Verðslanir lokaðar

Mér þykir fánæglegt að bjóða okkur Mosfellingum upp á svo lélega þjónustu að verðslanir bæjarins séu ekki opnar lengur en til 20 á kvöldin. Þetta er til háborinnar skammar fyrir þetta rúmlega 7000 manna bæjarfélag. Léleg þjónusta að hálfu verðslana.

Eyjólfur



## Mótmælenda-drasl

Mótmelendurnir í Saving Iceland héldu fyrir í Mosfellsdal meðan á dvöl þeirra stóð hér á landi í sumar. Ég gerði mér ferð þangað uppeftir á góðviðrisdegi og gekk að Helgufossi. Þvílíkt og annað eins drasl í kringum tjaldbúðirnar hef ég ekki séð í langan tíma. Hef ég nú farið á nokkrar subbulegar útihátíðir í gegnum tíðina en þetta toppaði allt. Er þetta fólk komið til að bjarga Íslandi?

Sigrún

# Geymsla eða leikskóli?

Eftir margra mánaða ferli um að börnin á leikskólanum Hlíð (Úthlíð) fái betri uppeldis aðstæður, og rétt til að vera í betra húsnæði með tilliti til betri hljóðvist, þá hefur bærinn loksins tekið þá ákvörðun um að skipta út 15 barna deild til margra ára í geymsluhúsnæði fyrir áhaldahús bæjarins. Umrædd deild (kennslustofa) er ekki hljóðeinagruð, er með eitt salerni og lítinn vask, og enga skiptiádstöðu fyrir bleyjubörn, fékk bleyjubörn og sami vaskurinn notaður til að þvo þeim eftir bleyjuskípti og til að svala þorsta barnanna. Samkvæmt mínum heimildum hefur mikill hávaði ekki góð áhrif á börn né vinnuádstöðu starfsfólks. Undirrituð fékk þau svör að ekkert væri athugað vert við deildina. Engin vilji var fyrir hendi hjá leikskólastjóra og leikskólafulltrúa bæjarins um að bæta þyrfti aðstöðu barnanna. Ég fór af stað og

fékk staðfestingu á að hljóðmengun var mikil og yfir heilsuörkum. Með þessari staðhæfingu minni fór af stað langt ferli, þar sem ég hef orðið fyrir persónuárás og einelti frá leikskólastjóra og leikskólafulltrúa bæjarins á annað ár. Ég fékk hótanir, mér sent nokkur bréf um vanrækslu í starfi, allt reynt til að flæma mig úr starfi. Ólöglega var staðið að þessum áminningum, sem bæjaryfirvöld viðurkenndu eftir úrskurð lögræðing Félagsleikskólakennara. Einnig hefur tvisvar verið gengið fram hjá mér í umsókn um deildarstjórastöðu, þar sem fyrst var grunnskólakennari ráðinn í stað mín og sótti ég um starfið en ekki hún. Í seinna skiptið var starfið látið til deildarstjóra annara deildar við sama leikskóla og sagt, að það væri leikskólanum fyrir bestu. En sú sem fékk stöðuna hafði ekki sóst eftir henni, enda nóg að gera með

aðra deild. Undirrituð sótti um laun- að námsleyfi þ.1 mars 07-fékk neitun frá leikskólastjóra og leikskólafulltrúa og engar skýringar. Þann 3. maí s.l. sendi lögræðingur Félagsleikskólakennar bréf og bað um skýringar á þessum stöðuveitingum og hvaða reglur gilda í bænum um námsleyfi.

Bæjaryfirvöld eru ekki enn búin að svara og er bærinn búin að fá 2 mán til að svara og er frestur þeirra útrunninn.

Undirrituð ætlar að kæra Mosfellsbæ og hyggst leita réttar síns hjá dómsstólum. Því má svo bæta við að það hafa fleiri leikskólakennarar hætt í bænum vegna gifurlegs valdahraka leikskólafulltrúa og stefnuleysis leikskólanna í bænum.

Ólafía Valgerður Kristjánsdóttir leikskólakennari á leikskólanum Hlíð

# Þökkum frábærar

# RE/MAX Þing hefur opnað að

## Ljósmyndasamkeppni

**RE/MAX**  
Þing

RE/MAX Þing kynnir ljósmyndasamkeppni fyrir alla bæjarbúa !  
Myndefni er frjálst en á þó að tengjast bæjarlífinu og menningunni í Mosfellsbæ.

**Verðlaun:** 50.000 króna gjafabréf upp í utanlandsferð

**Fleiri skemmtileg aukaverðlaun.**

Sendið myndirnar á [mos@remax.is](mailto:mos@remax.is) eða komið með myndirnar í móttökuna hjá okkur hjá RE/MAX Þing á stafrænu formi.

Myndir úr keppninni verða til sýnis hjá RE/MAX Þing næstu vikur.



# viðtökur !

## Háholti 13-15

**RE/MAX**  
Þing



RE/MAX Þing  
Háholti 13-15

**Ertu viss um að fasteignin þín sé að fá framúrskarandi þjónustu ?  
Ertu viss um að fasteignin þín sé rétt verðmetin ?**

- Við notum eingöngu atvinnuljósmyndara
- Við auglýsum eignina þína með áberandi hætti
- Við sýnum allaf eignina þína
- Við bjóðum upp á frítt verðmat fyrir sölu
- Við útbúum vandaða eignamöppum um fasteignina þína
- Við höldum opið hús fyrir þig

## FRÍTT VERÐMAT FYRIR SÖLU

**ERUM MEÐ KAUPENDUR AÐ EIGNUM Í MOSFELLSBÆ,  
ER EIGNIN ÞÍN SKRÁÐ HJÁ OKKUR ?**

Hringdu núna

# 412 3300

## Sölufulltrúar óskast !

- Ertu heiðarleg/ur og hefurðu mikinn metnað ?
- Mjög háar tekjur fyrir rétt fólk.
- Skipulögð þjálfun og kennsla.
- Brennandi áhugi á fasteignum skilyrði !

*Sendið upplýsingar um menntun og fyrri störf á [mos@remax.is](mailto:mos@remax.is)*



## Búlgörsk skytta genginn til liðs

Handknattleiksdeild Aftureldingar hefur samið við 23 ára Búlgara til að spila með liðinu næsta vetur. Alexander Popov er örvhent skytta og kemur til með að styrkja liðið fyrir átökin í úrvalsdeildinni en strákarnir sigruðu 1. deildina sannfærandi síðasta vetur. Fleiri útlendingar eru í skoðun hjá Bjarka Sig Þjálfara Aftureldingar og hans mönnum og er greinilegt að þeir ætla sér stóra hluti á næsta tímabili.



## 17. stórhátíð Gogga galvaska

Tæplega 250 börn og unglingar, 14 ára og yngri, víðs vegar af landinu, tóku þátt í stórhátíð Gogga galvaska í frjálsum íþróttum á Varmárvelli helgina 22. - 24. júní í frábæru veðri.

7 Goggamet féllu, nokkrir bættu árangur sinn og enn fleiri spreyttu sig í fyrsta sinn á frjálssíþróttavellinum við alvöru aðstæður. Keppendur og gestir undu sér hið besta í góða veðrinu í keppni og leik. Þrettán misfjöldmenn félag tóku þátt að þessu sinni í hátíðinni, ÍR fjölmennast og hlaut flest stig samantlagt. Afturelding og UFA voru jöfn í fjórða sæti. Stigahæstu einstaklingar voru Sindri Hrafn Guðmundsson Breiðabliki með 1015 FRÍ-stig og Steinunn Arna Atladóttir FH með 1049 FRÍ-stig. Bestum árangri í Aftureldingarliðinu náði Frans Jónas Arnar Arnarson, 1. sæti í spjótkaсти, 2. sæti í 100 m spretthlaupi og 3. sæti í kúluvarpi.



5. flokkur karla sendi fimm lið til þátttöku á Olísmóttinu á Selfossi

## Frábær árangur á Olísmóttinu

Knattspyrnudeild Aftureldingar hefur sent knattspyrnulið á fjölda móta í sumar eins og oft áður. Áhugan og leikgleðina hefur ekki vantað og bæði strákar og stelpur skemmt sér konunglega. Ekki næst að fara yfir öll mót sumarsins að svo stöddu en

meðfylgjandi er mynd frá Olísmóttinu sem 5. flokkur tók þátt í í sumar.

Engin vafi leikur á því að góður árangur meistaraflokka kvenna og karla skilar sér í auknum áhuga yngri kynslóðarinnar á knattspyrnuíþróttinni. Stelpurnar er í toppbaráttunni

í 1. deild þegar nokkrar umferðir eru eftir. Það sama má segja um karlana en þeir berjast um sæti í 1. deild á ári og mega þeir hafa sig alla við ef það á að takast. Mætum nú á völlinn það sem eftir lifir sumri og styðjum okkar fólk á lokasprettinum.



Sævar Baldur Lúðvíksson er 17 ára skylmingamaður á uppleið

## Tvöfaldur Norðurlandameistari

Sævar Baldur, 17 ára Mosfellingur, gerði heldur betur viðreisn á Norðurlandameistaramóttinu skylmingum í sumar. Sævar Baldur krækti sér í tvö gull og eitt silfur og er því tvöfaldur Norðurlandameistari í skylmingum með höggsvörði árið 2007.

Að þessu sinni var mótið haldið í Óðinsvé í Danmörku og var það alstærsta Norðurlandamóti í skylmingum sem haldið hefur verið frá upphafi enda 100 ára afmæli Danska Skylmingasambandsins og því mikið í lagt.

Övenju margir þátttakendur frá Íslandi tóku þátt

í móttinu í þetta skiptið eða alls 35. Þar af voru 34 sem kepptu með höggsvörði og einn með lagsvörði.

Í ár hefur Sævar tekið þátt í mörgum skylmingamóttum hérlendis og erlendis og staðið sig mjög vel. Það sem stendur þar uppúr, fyrir utan Norðurlandameistaramótið, er frábær frammistaða hans er hann hlaut hlaut Brons og þar með 3. sætið á Heimsbikarmóttinu fullorðinna (World Cub Satalite) í Kaplakrika. Sævar Baldur æfir hjá Skylmingafélagi Reykjavíkur.

## Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf.  
Þverholti 2  
Kjarna



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is

Stelpurnar í GKJ eru Íslandsmeistarar í sveitakeppni kvenna í golfi 2007

# Ljúft að landa titlinum á nýjan leik

Kvinnasveit Kjalar varð Íslandsmeistari í sveitakeppni í golfi á Akureyri á dögunum, þetta er í þriðja sinn sem Kjölur fagnar Íslandsmeistaratitlinum í 1.deild kvenna.

Stelpurnar eru ekki í vafa um að kvinnastarfið hjá Kili eigi eftir að eflast eftir góðan árangur þeirra á Akureyri.

Við unnum í fyrsta sinn árið 1998 og það var einnig á Akureyri, það var hálfgerð unglingsveit sem mætti þar til leiks, við vorum á aldrinum 14-16 ára. Það skemmtilega við þetta allt saman er að við erum nánast búnar að vera með sömu sveitina, í öll skiptin þegar við höfum sigrað sögðu þær stóllur við blaðamann. E.v. Eva Ómarsdóttir, Snæfríður Magnúsdóttir, Guðríður Sveinsdóttir, Nína Björk Geirsdóttir, Helga Rut Svanbergisdóttir og Katrín Dögg Hilmarsdóttir.



## Elías starfrækir tjaldvagnaleigu

„Þetta hefur gengið vel og við erum afskaplega ánægð með móttökurnar“ segir Elías S. Skúlason sem ásamt eiginkonu sinni og dóttur starfrækir Tjaldvagnaleigu Mosfellsbæjar.

Við stofnuðum fyrirtækið s.l. haust og bjóðum upp á 12 nýja vagna til leigu.

Það eru ekki allir sem eiga þess kost að eiga tjaldvagn og er þá tilvalið fyrir þá að koma við hjá Elíasi og fjölskyldu og leiga sér einn slíkan.

„Við höfum opið á miðvikudögum og fimmtudögum“ segir Elías en það er einnig hægt að nálgast allar upplýsingar í Innrömmun ESS í Mosanum eða í síma 8642190.

Grænar tunnur inn á hvert heimili í Mosfellsbæ

## Græn herferð



Knattspyrnudeild Aftureldingar og Íslenska gámafélagið hafa undirritað samstarfsáttak um að knattspyrnukrakkar í Mosfellsbæ dreifi Grænu tunnunni á heimili í Mosfellsbæ gegn veglegum styrk Gámafélagsins til barna- og unglingsstarfs í Aftureldingu.

Græna tunnann er græn sorptunna sem bætist við sem sorptunna númer tvö á heimilum. Hugmyndafræði Grænu tunnunar gengur út að auðvelda fólki flokkun sorps og minnka þannig magn þess sorps sem fer til urðunar.

Pétur Magnússon, formaður Knattspyrnudeildar Aftureldingar, segir að hér sé um tímamót í umhverfismálum að ræða þar sem Mosfellsbær sé eina sveitarfélagið á Íslandi sem niðurgreiði grænar sorptunnur fyrir heimili. Á næstu dögum munu fulltrúar Knattspyrnudeildar Aftureldingar heimsækja heimili í Mosfellsbæ og kynna Grænu tunnuna.

Á myndinni má sjá fulltrúa frá knattspyrnudeild Aftureldingar og Íslenska Gámafélaginu auk fulltrúa úr bæjarstjórn, umhverfisnefnd og íþrótt- og tólmstundaneftnd.



## Frítt í strætó fyrir námsmenn

Samþykkt var á bæjarráðsfunni í byrjun ágúst að Mosfellsbær taki þátt í tilraunaverkefninu „Frítt í Strætó“ í eitt ár. Jafnframt er lagt til við stjórn Strætó bs. að útfæra frekar framkvæmdarþáttinn sem og að meta síðar hvort verkefnið hafi skilað tilætluðum árangri og þá hvert stefna beri í framhaldinu.

MUNIÐ

# FLÓ OG FJÖR

Í tóninu  
HEIMA



Fló og fjör heldur flóamarkað í tjaldi að Varmá

## Framkvæmdastjóri handknattleiksdeildar Aftureldingar



Stjórn handknattleiksdeildar Aftureldingar óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í 50% starf. Starfið felst í öflun styrktaraðila og almennum rekstri deildarinnar. Leit að er að einstaklingi með drifandi persónuleika og góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veitir Guðmundur Pétursson í s. 863 4104, gspet@simnet.is og Lárus Sigvaldason í s. 856 2707, larus@isam.is.

**Umsóknarfrestur er til 22. ágúst n.k.**

Handknattleiksdeild Aftureldingar er stór og öflug deild innan Aftureldingar með blómlegt starf og hátt í 200 iðkendur. Meistaraflokkur karla mun spila í úrvalsdeild á næsta tímabili.

Salome Þorkeldsdóttir, fyrrverandi alþingismaður og forseti alþingis, var gerð að heiðursborgara Mosfellsbæjar á opnum hátíðarfundum bæjarstjórnar sem haldinn var í tilefni af 20 ára afmæli bæjarins.

# „Ég er þakklát og hrærd“

Salome Þorkeldsdóttir er eins og alltaf fallega klædd þegar hún tekur á móti mér einn góðan veðurdag á hlýlegu heimili sínu í Mosfellsdalnum. Hér ríkir algjör kyrrð, það eina sem heyrir er fuglasöngur og niðurinn úr ánni sem rennur hjá húsinu, þetta er sannkölluð paradís.

Ég er fædd í Reykjavík 3. júlí 1927, næstelst fjögurra barna foreldra minna, Önnu Þ. Sigurðardóttur og Þorkels Sigurðssonar vélstjóra, segir Salome er ég spyr hana um uppruna hennar.

Foreldrar mínir voru miklir áhugamenn um íþróttir, faðir minn stundaði glímu og langhlaup og vann t.d. fyrsta Álafosshlaupið árið 1921 sem var haldið í tilefni af komu Kristjáns X. Danakonungs. Móðir mín var í fimleikaflokki Í.R. sem sýndi listir sínar við sama tilefni. Á vettvangi íþróttanna munu þau hafa fundið hvort annað.

Ég á góðar bernskuminningar og ótal myndir koma í hugann, heldur Salome áfram. Þegar ég lít til baka eru minningarnar yfirleitt tengdar



Fimm ára



Innsetning forseta Íslands Vigdísar Finnbogadóttur ásamt handhöfum forsetavalds, Davíð Oddsson forsætisráðherra, Guðrún Erlendsdóttir forseti hæstaréttar og Salome Þorkeldsdóttir forseti alþingis.

sóliskini, ég hlustaði á viðtalsþátt við rithöfund í útvarpinu og hann nefndi einmitt þetta atriði, að bernskuminningar væru oft tengdar sóliskini og taldi skýringuna geta verið þá að börn væru yfirleitt svo jákvæð í hugun. Ég get fallist á hans skoðun.

Eftir að faðir minn tók að stunda sjóinn varð hann að hætta í íþróttum en áhuginn á þeim var brennandi alla tíð. Stjórnmalin áttu líka hug hans allan. Ég minnst þess hvað mér var mikið í mun strax á barnsaldri að standa með föður mínum þegar stjórnmal báru á góma og hve ég gladdist fyrir hans hönd ef flokknum okkar, Sjálfstæðisflokknum, farnaðist vel. Þessi pólitísku barnabrek mín snerust síðan upp í alvöru lífsins og hafa fylgt mér alla tíð.

Ég fetaði í fótspor eldri systur minnar og fór í Kvinnaskólann. Það var árið 1941 og þar stundaði ég nám næstu fjögur árin, þaðan á ég góðar minningar.

## Fyrsta barnið fætt í fjósi

Í Mosfellssveit kynnist ég manni mínum, Jóel Kr. Jóelssyni garðyrkjumanni, og árið 1947 giftum við okkur. Eftir giftingu réði hann sig austur í Biskupstungur og sá um garðyrkjustöð Stefáns Þorsteinssonar að Stóra- Fljóti sem þar bjó. Okkur leið vel í Biskupstungunum og þar var innréttað fyrir okkur íbúð í gömlu fjósi sem reyndar hafði lengi staðið ónotað. Þannig að ég ól fyrsta barn okkar hjóna árið 1947 í fjósi, segir Salome spök.

Ári síðar fluttum við svo í Mosfellssveitina þar sem Jóel réði sig til Arnaldar Þórs garðyrkjumanns á Blómvangi. Við bjuggum saman í Mosfellssveitinni í um 60 ár.

Haustið 1949 urðu þáttaskil í okkar búskap, segir Salome. Þá tók Jóel við rekstri garðyrkjustöðvar Reykjavíkurborgar í Reykjaví. Á þeim ár-



MOSFELLINGUR

um voru þar mikil umsvif og manna-hald, t.d. voru öll sumarblóm, sem notuð voru á vegum borgarinnar, ræktað hjá okkur og einnig trjáplöntur. Við bjuggum í stóru húsi og höfðum margt fólk í vinnu og heimili. Fjölskyldan stækkaði, tveir synir bættust í hópinn með 15 mánaða millibili. Nú höfst áratugur mikilla anna við heimilishald og uppeldi barna.

Svo breyttust aðstæður. Borgin hætti að reka garðyrkjustöðina og að lokum keyptum við mannvirkin, en þá höfðum við flutt í minna hús og léttara. Börnin komust á legg og meiri tími gafst til tómstundastarfa.

## Gekk í kvenfélagið

Salome segist hafa gengið í Kvenfélag Lágafellssóknar fljótlega eftir að

hún flutti í Mosfellssveitina. Í kvenfélaginu fékk ég mína fyrstu reynslu í félagsstörfum og fundarstjórn, segir hún, hjá þeim mætu forystukonum sem allar eru horfnar af sjónarsviðinu. Þar voru fremstar í flokki Kristrún Eyvindsdóttir í Stardal, Helga Magnúsdóttir á Litlandi, Ingibjörg Pétursdóttir á Reykjum og Helga Magnúsdóttir á Blikastöðum sem sat í hreppsnefnd 1954-1962. Seinna kjörtímabilið var hún oddviti eftir að Magnús Sveinsson oddviti í Leirvogstungu féll frá.

Samhliða kvenfélagsstarfinu sótti ég pólitíska fundi þegar tilefni gafst. En það verð ég að segja að ekki óræði mig fyrir því á þessum árum að ég ætti eftir að standa í eldlínunni og vera virkur þátttakandi í stjórn-



Ragnheiður Rikharðsdóttir bæjarstjóri og Salome eftir hátiðarfund bæjarstjórnar þar sem Salome var gerð að heiðursborgara.

málum. Seinna starfaði ég og starfa reyndar enn innan Soroptimista-hreyfingarinnar sem er alheimssamtök kvenna úr stjórnunar- og starfsgreinastéttum og hafa að leiðarljósi hjálpar- og þjónustustörf til að efla mannréttindi og stöðu kvenna.

### Stjórnmálin

Ég hóf störf á skrifstofu Mosfellshrepps og var gjaldkeri hreppsins þegar ég lét þar af störfum. Á þessum tíma var Mosfellshreppur fámennat samfélag þar sem allir þekktust og við tókum þátt í gleði og sorgum hvers annars. Það er nefnilega þannig að það er gott fólk í öllum flokkum, ég eignaðist marga góða kunningja og vini þvert á öll flokksbönd.

Ég hef verið heppin í lífinu og fengið tækifæri til að sinna þessu áhugamáli mínu, stjórnmálunum. Sveitungar mínir hafa stutt við bakið á mér í þeim efnun frá upphafi. Ég tók fyrst sæti í hreppsnefnd árið 1962 sem varamaður og síðan sem aðalmaður eftir hreppsnefndarkosningarnar 1966. Ég átti sæti í hreppsnefnd Mosfellshrepps í 16 ár en hætti eftir sveitarstjórnarkosningarnar 1982 þar sem ég var þá orðin alþingismaður en ég var kosin á þing í þeim frægu desemberkosningum árið 1979. Ég var oddviti hreppsins síðasta árið áður en ég hætti en hafði áður verið varaoddviti. Ég gegndi ýmsum trúnaðarstörfum á vegum Sjálfstæðisflokksins, svo sem í fulltrúaráði, kjördæmisráði og sat í miðstjórn flokksins í rúm tuttugu ár.

### Fékk velferðarmálin í arf

Þegar ég hóf störf á alþingi átti ég ýmis áhugamál sem ég vildi vinna að og tengdust velferðarmálum. Ég tók þau í arf frá Oddi heitnum Ólafs-



Salome í forsetastóli á alþingi árið 1995.

syni, lækni og alþingismañni, sem má segja að hafi komið mér á þing og hann lagði mér til mörg góð mál sem ég reyndi að fylgja eftir. Fyrsta frumvarpið, sem ég flutti, var um að færa kjördag sem var á sunnudögum yfir á laugardaga, þetta vakti bæði umræður og athygli en frumvarpið varð að lögum og ég held að allir séu sammála því í dag að þetta hafi verið skynsamleg ráðstöfun.



Salome ásamt Halldóri Laxness. Hreppsnefnd Mosfellshrepps hélt honum afmælishóf í tilefni áttræðisafmælis hans þann 25. apríl 1982.

Annað mál, sem olli mikilli umræðu og jafnvel hótunum í minn garð, var ljósanotkun bifreiða allan sólarhringinn allan ársins hring. Það sama gildir um það, ég held að flestir séu sammála því öryggi sem það skapar. Svo er það lýsingin á þjóðvegum sem vakti mikla athygli og umtal á sínum tíma vegna þess að ég álpaðist til að lofa því að lýsingin á Vesturlandsvegi yrði komin á fyrir áramót, ella æti ég hattinn minn. Það tókst nú ekki að standa við tímasetninguna svo ég sá mér ekki annað fært en að standa við orð mín. Ég útbjó líkan af einum af mínum mörgu höttum úr marsipani og súkkulaði og félagar mínir í Sjálfstæðisfélaginu boðuðu fjölmiðla heim til mín og þar var hatturinn snæddur í votta viðurvist. Það var nú meira í gamni gert og hugsað sem táknrænt að stjórnmálamañn vilji standa við orð sín.

Á alþingi sat ég í 16 ár og þegar ég lít til baka yfir þann tíma eru það fyrst og fremst ánægjulegar minningar sem leita á hugann. Þetta var viðburðarríkt starf og ég hefði ekki viljað missa af því tækifæri sem mér hlotnaðist þegar ég var kjörin á þing að vera þátttakandi í að fjalla um þau



Þingmenn ganga til þings á Lögbergi 17. júní 1994 á 50 ára afmæli Lýðveldisins með forseta alþingis og forsætisráðherra í fararbroddi.

mörgu mál sem upp koma í þjóðarbúskapnum á hverjum tíma og leita nýrra leiða til framfara og hagsældar fyrir þjóðina.

Eftirminnilegasta tímabilið mitt á þingi, segir Salome aðspurð, var síðasta kjörtímabilið, 1991-1995. Það hófst með því að ég var kosin forseti sameinaðs þings og gegndi því embætti í hálfan mánuð, síðust allra eða þar til deildarskipting þingsins var lögð niður og þingið tók til starfa í einni málstofu, 31. maí 1991. Ég var síðan kosin forseti alþingis, fyrst allra í því virðulega embætti.

### Stendur á tímamótum

Nú hafa orðið tímamót í mínu lífi, segir Salome. Minn góði lífsförunautur og besti stuðningsmaður hann Jól, er horfinn af sjónarsviðinu og ég er að laga mig að nýjum aðstæðum. Ég á svo góða fjölskyldu, börnin okkar þrjú, Önnu Þorbjörgu, Jól Kristin og Þorkel, tengdasoninn öðlinginn hann Tom, tengdadæturnar og vin-konur mínar Kristínu og Diddú og barnabörnin sem eru átta og barnabarnabörnin sex.

Svo er ég umvafin góðum vinum, heldur Salome áfram. Sunnudagarnir hafa verið fastir fjölskyldudagar í gegnum tíðina en Anna dóttir okkar og þrjú af barnabörnunum og fjölskyldur þeirra eru nú búsettar erlendis svo hópurinn er ekki jafn fjölmennur og áður.

Ég hef alltaf notið þess að vera heima hjá mér hér í kyrrdinni í Dalnum þar sem ekkert rýfur þögnina nema árniðurinn og fuglasöngurinn. Ég hef yndi af að fara í leikhús, á tónleika og að sjá góðar bíómyndir.

Ég held áfram að sinna félagsstörfum meðan áhugi og heilsa leyf-

ir. Nú eru það öldrunarmálin sem eiga hug minn allan, ég er formaður Sambands eldri sjálfstæðismanna og formaður stjórnar Þjóðmenningarhússins, svo ég þarf ekki að kvíða aðgerðarleysi.

Stjórnmálaáhuginn dofna ekki, nú felst ánægjan í því að fylgjast með þeim sem ráða ferðinni og styðja við bakið á þeim eins og vit og geta leyfir. Ég er afar ánægð með hvað Mosfellsbær er orðinn glæsilegur og fallegur bær og þeir sem þar ráða för eiga mikinn heiður skilinn. Ég get ekki betur séð en að það ríki góð samstaða innan bæjarstjórnar um að standa saman að góðum málum. Ég óska þeim velfarnaðar í sínum störfum.



Salome á hattinn sinn í votta viðurvist árið 1988.

Ög nú hefur bæjarstjórnin ákveðið að gera mig að heiðursborgara, heldur Salome áfram. Ég verð að viðurkenna að þetta kom mér algerlega í opna skjöldu. En ég er afar þakklát og hrærd yfir þessum heiðri og viðurkenningu og vona að ég risi undir henni, segir þessi kraftmikla og framsýna kona að lokum.



Jól og Salome á góðri stundu.



## Tónleikaferð Reykjalundarkórsins til Þýskalands 26. maí til 1. júní

# Vel heppnuð tónleikaferð

Þann 26. maí lagði Reykjalundarkórinn af stað í sína fimmtu utanlandsferð.

Byrjað var á tveggja náttu stoppi í Köln. Dómkirkjan þar skoðuð en hún er eitt af þekktustu kennileitum Þýskalands og farið í kynnisferð um borgina.

Verðrið lék ekki við okkur en hitinn fór niður í 11° með rigningu. Ekið var til bæjarins Mayschloss í skemmtilega vínkynningu og mat. Og þar var sungið. Þann 28. maí var lagt af stað til Cocheim í Moseldal og á leiðinni stoppað í ógleymanlegri garðveislu hjá Mörtu Erlingsdóttur systur Írisar kórstjóra. Þá rigndi svo mikið að þjóðverjarnir höfðu ekki séð annað eins.

En búíð var að tjalda vel yfir garðinn og skemmtu allir sér frábærlega. Í Cocheim sem er yndislegur lítill bær var gíst 3 nætur. Tónleikar voru haldnir þar á torginu. Þaðan var farið í kynnisferð til Coblenca og Trier þar sem sungið var á Porta Nigra torginu.



Aðaltónleikarnir voru í fallegru kirkju í St. Goar sem er lítill bær rétt við Lorelei klettinn. Tónleikarnir tókust frábærlega vel og er yndislegt að syngja þar sem hljómburðurinn er svo frábær. Margt var gert skemmtilegt í ferðinni svo sem sigling með mat niður Rín, við höfðum rútu með okkur allan tímann og fegurð Rínar og Móseldals duldist engum.

Skemmtinefndin hafði skipað fólk í hinar ýmsu nefndir og má segja að fólk hafi verið brosandí og hlæjandi allan tíman. Síðustu nóttina dvöldum við í Rudesheim.

Ferðin var skipulögð af þeim systur Guðnýju og Láru Erlingsdætrum sem einnig voru fararstjórar og tókst í alla staði mjög vel.

hmf

## Vinningsnúmer í Bymos-sumarleik

Byggingarvöruverlsunin Bymos stóð fyrir skemmtilegum sumarleik þar sem sendir voru númeraðir seglar inn á öll heimili í Mosfellsbæ. Sumarleikurinn er í tilefni 20 ára afmæli bæjarins og 4 ára afmælis Bymos. Dregin hafa verið út númer fyrir júní, júlí og ágúst og eru þau eftirfarandi: **1974** fyrir júní, **86** fyrir júlí og **2386** fyrir ágúst. Vinningshafar geta vitjað 10.000 kr. gjafakorts hjá Bymos á næstu dögum.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Finnst þér gaman að leika þér? Hefur þú gaman af börnum?

Í Lágafellsskóla eru lausar stöður í Frístundaseli.  
Um er að ræða 30-40% stöðuhlutfall.

Vinnutími getur verið sveigjanlegur á milli kl 14.00 til 17.00 og getur starfið því hentað skólafólki vel.

Óskað er eftir áhugasömum, jákvæðum og samvirkusömum einstaklingum, 17 ára og eldri. Kostur er ef viðkomandi hefur einhverja reynslu af listum, íþróttum eða öðru starfi tengdu frístundum.

Umsóknarfrestur er til 20. ágúst og gott er ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst eftir það. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

*Laun eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar.*

Upplýsingar veita Elísabet Jónsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs og Sigríður Sigurðardóttir forstöðumaður frístundastarfs Lágafellsskóla í síma 525-9200, 699-3131 eða á netfangið fristund@lagafellsskoli.is

**Opið**  
allan sólarhringinn

Við erum við Esso stöðina Háholti í Mosfellsbæ, Reykjavíkurvegi Haf, og í Bæjarlind Kóp.

**LÖÐUBÍLL**  
- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! · Sími 544 4540

**MOSFELLINGUR** KEMUR NÆST ÚT 7. SEPTEMBER



## Guðmundur í Tungu hættur vörubílaakstri

Guðmundur Magnússon í Leirvogstungu (Gvendur í Tungu) hætti vörubílaakstri í júlí og seldi Ístak bíl sinn.

Guðmundur keypti sinn fyrsta vörubíl með föður sínum Magnúsi Sveinssyni fyrrverandi oddvita Mosfellshepps þá aðeins 17 ára gamall og ók fram á þennan dag. Bílinn keyptu þeir feðgar af Vígmundi Pálssyni á Efra Hvoli.

Þessi skemmtilega mynd er af Guðmundi ásamt barnabarni sínu, Hörpu Sigríði Bjarnadóttur sem afhenti afa sínum blómvönd í lok síðasta vinnudags á G 787.

Opinn dagur í Kjósinni sló í gegn

## Kátt í Kjósinni

Opni dagurinn „Kátt í Kjós“ tókst með miklum ágætum. Stöðugur straumur gesta var inn í sveitina og skiptu þeir þúsundum. Gestir gerðu góðan róm af þessu framtaki íbúa Kjósarhepps og vildu gera þetta að árlegum viðburði.

Bændur opnuðu hús sín fyrir fólki og tóku vel á móti gestum og sveitarmarkaður var haldinn í Félagsgarði svo fátt eitt sé nefnt.

„Það sem er okkur efst í huga íbúanna, nú að þessu afloknu, mikið þakklæti til þeirra þúsunda gesta sem komu í hreppinn og hversu jákvæðir og yndislegir þeir voru.“



sagði Sigurbjörn Hjaltason oddviti Kjósarhepps við Mosfelling að loknum vel heppnuðum degi.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Varmárskóli auglýsir Lausar eru eftirtaldar stöður

### Kennsla á unglíngastigi

Kennslugreinar stærðfræði og enska í skólnum fer fram öflugt þróunarstarf í þessum greinum

### Kennsla á yngsta stigi 1. og 2. bekkur

Í skólanum fer fram áhugavert þróunarstarf sem ma.a. felst í því að tengja betur saman 5 og 6 ára deildir sem og að móta sveigjanlegt skólustarf á yngsta stiginu

### Tónmenntakennari

Við óskum eftir að ráða tónmenntakennara í ca. 50% stöðu

### Þroskajálfi

Þroskajálfi óskast í yngri deild

### Skólaliðar

Skólaliða vantar í hlutastarf í yngri deild

Nánari upplýsingar gefa: Þórhildur Elfarsdóttir, skólustjóri í síma 525 0700 og 863 3297 og Þórunna Ólafsdóttir, skólustjóri í síma 525 0700 og 899 8465



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Grunnskólar Mosfellsbæjar Skólabyrjun 2007

Skólasetning í grunnskólum Mosfellsbæjar verður miðvikudaginn 22. ágúst nk.

Tímasetningu á boðun árganga er að finna á vef skólanna (lagafellsskoli.is og varmarskoli.is) ásamt um upphaf kennslu, skráningu í mótuneyti, frístundasæl og innkaupalista.

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

## ATVINNA Í MOSFELLSBÆ



## FÓLK MEÐ REYNSLU ÓSKAST TIL STARFA

Íþróttamiðstöðin Lágafell í Mosfellsbæ leitar að fólki með reynslu í fjölbreytt störf.

Um er ræða fjölbreytt störf við þrif, eftirlit og afgreiðslu í móttöku. Í boði er bæði fullt starf og hlutastarf (75%). Unnið er á vöktum. Við leitum einnig að traustum aðila sem hefur þekkingu á vélum og tækniþúnaði til að sinna léttu viðhaldi innanhúss. Starfið er hlutastarf og gæti viðkomandi unnið fullt starf í almennu starfi.

Íþróttamiðstöðin er fjölbreyttur vinnustaður þar sem góður andi ríkir og aðstaða öll til fyrirmyndar fyrir starfsfólk.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Gunnarsdóttir í síma 824 6383 eða í gegnum netfangið: johanna@nysir.is.



ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN LÁGAFELL

Lækjarhlíð 1a - 270 Mosfellsbær - Sími 517 6080 - www.lagafellslaug.is

## Heyrst hefur...



...að World Class sé búið að yfirtaka Toppform sem mun hætta starfsemi í núverandi mynd

...að Gunnlaugur B. Ólafsson og Hjalti Úrsússon séu að meta Toppformsaðstöðuna að Varmá fyrir veturinn

...að 18% verkamanna í Leirvogstungu séu Pólverjar

...að hin árlega sultukeppni á Dalsmarkaðnum fari fram á laugardaginn (18. ágúst)

...að Biggi Haraldsson og Sigurgeir séu að fara aftur af stað með hið gríðarvænla program með Creedence Clerwater

...að fótboltaþræðurnir Arnar og Bjarki fari mikinn í sölu lóða í Helgafellshverfi

...að annar helmingur Hljómsins sé eitthvað að slá sér upp

...að hinn mikli sirkus sem stóð í kringum United leikmanninn Aaron sem spilaði heila tvo leiki með Aftureldingu hafi tekið snöggan endi eftir stutta dvöl á klakanum

...að sávingur Íceland liðar hafi haldið sig til við Helgufoss í Mosfellssdal þann tíma sem þeir höfðust að í sumar.

...að meðal Mosfellinga sem sóttu um skólastjórnstöðu í Varmárskóla hafi verið Guðrún Mark og Jóna Dís

...að Hvítu Riddarinn hafi fagnað 9 ára afmæli í vikunni og unnið sinn fyrsta sigur á Íslandsmótinu þann sama dag

...að fánaberarnir Síggi Valli, Bjarni B og Guðbrandur hafi farið mikinn á N1 í sumar

...að leikskólabörn bæjarins hafi verið iðin við að syngja afmællissönginn fyrir bæinn sinn

...að Ómar sé kominn á rétta Bylgjulengd

...að ýmsir Mosfellingar hafi komið við sögu í tekjublaði Frjálsrar verzlunar í ár. Td. eftirfarandi Diddú með 338 þús á mán, Þengill læknir með 1,169 millj, Valdi Leó með 490 þús, Sigríður Anna með 967 þús, Ragnheiður Ríkharðs með 991 þús, bankastjóri Kb með 894 þús og frk.stj. Ísfugls með 609 þús.

...að forsetinn eigi afmæli í dag

...að leikfélagar séu að vinna í verki eftir sjálfan Shakespeare

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



Barna- og æskulýðsstarf Lágafellskirkju

## Sirkus heimsókn

Barna- og unglingasirkusinn FLIK FLAK frá Odense heimsótti æskulýðsstarf Lágafellskirkju í sumar. Börn og unglingar í starfi kirkjunnar hafa verið að æfa sig í sirkusleikni og tók þau þátt í sýningum danska hópsins. Sýningarnar voru í Mosfellsbæ, Kópavogi, Hafnarfirði og í Reykjanesbæ. Með þessari heimsókn var stofnsettur fyrsti barna- og unglingasirkus hér á landi og hefur hann hlotið nafnið Sirkus Tikk Takk (STT). Sirkus FLIK FLAK er stærsti sirkus sinnar tegundar á norðurlöndum og er starfandi fyrir börn og unglinga allt árið. Starf hans hófst sem hluti af æskulýðssamstarfi Munkebergskirke og KFUM & KFUK í Odense. Hann er nú sjálfstæð eining. Myndirnar eru frá glæsilegri sýningu í Lágafellsskóla í sumar.



## Í eldhúsinu

HJÁ GERÐI

### Fiskisúpa frá Mendon

Gerður Ólafsdóttir býður upp á gómsæta uppskrift af fiskisúpu. Hún er afar vinsæl hjá stórum sem smáum í fjölskyldunni og er elduð bæði hvunn dags og á tyllidögum. Mendon er í suður-Frakklandi. Uppáhalds kokkabækurnar mínar koma frá Önnu Bergenström sem er sænsk og hefur hún gefið út fjölda bóka og hún hefur sótt hugmyndir sínar í franska og skandínávíska matargerð. Þessi upphálds uppskrift er fengin úr einni af hennar bókum minni sem heitir Annas mat.

**Hráefni:** (uppskrift fyrir 4)  
400 gr. Fiskur -þorskur eða ýsa  
4-5 meðalstórar kartöflur  
2 gulir laukar  
1 tsk fennikel  
2 msk smjör, smörlíki eða olía  
1 dós tómatar (400gr)  
1,2 ltr. Vatn +2 teningar af fiskikrafti  
½-1 tsk salt  
hvítur pipar  
ca ½ tsk þurrkaður timjan  
1 stór hvítlauksgeiri  
safí úr hálfri appelsínu (persilja)

## Stöku sinnum

Þetta skemmilega ljóð barst blaðinu frá hinum góðkunna Vesturskaftfellingi og vini Dalsins Óskari Þ.G. Eiríkssyni.

Bærinn fagri fagnar nú fræknum öðrum tugi. Megi Mosó, ég og þú minnast þess svo dugi.

Dalinn auðvitað ég dásama mest dýrðlegan að vanda. Hljómsveitina Brak og brest á hann besta banda.

MÆÐGUR

SKYLDLEIKADÁLKURINN



Ólöf Örnólfsson  
Starfsmaður Mosfellsbæjar



Stefánía Ósk Þorsteinsdóttir  
Flugfreyja



**Aðferð:** Ef þú ert með ferskan fennikel er hann skorinn í bita, hráar kartöflurnar flysjaðar og skornir í smáa teninga. Laukur, fennikel og kartöflur eru steikt í potti með feiti. Niðursoðnum tómötum bætt í með öllum vökka, síðan er vatni, timjan, safanum úr appelsínunni, salti og fiskikrafti bætt í. Soðið í ca 20. mínútur. Fiskur er brytjaður og settur út og soðið í 5-10 mínútur. Ferskri persilju sáldrað yfir í lokin og og borið fram með hvítlaugsbrauði eða baguette.





www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Starfsmenn óskast í Frístundasel

Lausar eru stöður í Frístundaseli við Varmárskóla frá 14 til 17 alla virka daga.

Frístundaselið býður upp á ýmsa þjónustu fyrir nemendur í 2. – 4. bekk eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur.

*Starfsmenn í hlutastörfum:*

### Hæfniskröfur:

Uppeldismenntun og/eða reynsla af starfi með börnum. Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í samskiptum.

Umsóknur má skila inn á skrifstofu Mosfellsbæjar, 1. hæð, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.

Einnig er hægt að senda inn umsóknir á heimasíðu Mosfellsbæjar [www.mos.is](http://www.mos.is)

Laun greidd samkv. kjarasamningum starfmannafélags Mosfellsbæjar.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Guðmundsson íþróttafulltrúi í s: 660-0750 / 566-6754, [sg@mos.is](mailto:sg@mos.is)

*Fræðslu- og menningarsvið Mosfellsbæjar*

Nú þegar myrkva tekur eigum við til allar gerðir af ljósaperum



Góð þjónusta - Verið velkomin

# BYMOS

Byggingavöruverslun Mosfellsbæjar  
Háholti 14, sími 586 1210

# 30% AFSLÁTTUR

# AF SÓTTUM PIZZUM



Meistaradeildin og enski boltinn í beinni

	9"	12"	16"	18"
<b>1. MARGARITA</b> Pizzusósa, ostur, oregano	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050
<b>2. BÆJARINS BESTA</b> Pizzusósa, ostur, pepperone, laukur, hvíttlaukur, græn pipar, grænir ólífur, parmessanostur, ananas	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
<b>3. KJÓTVEISLA</b> Pizzusósa, ostur, náutahákk, skinka, pepperone	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
<b>4. MILANO</b> Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
<b>5. SUPRIME</b> Pizzusósa, ostur, náutahákk, skinka, pepperone, sveppir, paprika, laukur, ananas	1530 1071	2340 1638	2890 2023	3250 2275
<b>6. SALVA</b> Pizzusósa, ostur, skinka, pepperone, sveppir, laukur, grábaostur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
<b>7. HAWAII</b> Pizzusósa, ostur, skinka, ananas	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
<b>8. PEPPERONE</b> Pizzusósa, ostur, pepperone, laukur, ananas	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
<b>9. PIZZA GRÆN</b> Pizzusósa, ostur, sveppir, pistilljórtu, hvíttlaukur, paprika, tómatar, grænir ólífur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
<b>10. OSTAVEISLA</b> Pizzusósa, ostur, piparostur, grábaostur, camembert (þerjasúttu fylgir með)	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
<b>11. PIZZA HAFSINS</b> Pizzusósa, ostur, sveppir, túnfiskur, kræklingur, reikjur, hvíttlaukur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
<b>12. PISA</b> Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir, piparostur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
<b>13. AMERICANA</b> Pizzusósa, ostur, náutahákk, sveppir, paprika	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
<b>14. EXTRA PEPPERONE</b> Pizzusósa, ostur, hvítaldur skammtur af pepperone, auka ostur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
<b>15. MEXICO</b> Pizzusósa, ostur, náutahákk, gular baunir, jalapeno, paprika, laukur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
<b>16. GRÆNMETISPIZZA</b> Pizzusósa, ostur, sveppir, laukur, paprika, tómatar, gular baunir	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
<b>17. NAPOLI</b> Pizzusósa, ostur, skinka, sveppir, paprika, hvíttlaukur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
<b>18. 270</b> Pizzusósa, ostur, skinka, sveppir, aspás, piparostur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
<b>19. ETNA</b> Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir, laukur, ferskur chili, jalapeno, svartur pipar	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
<b>20. ROMA</b> Pizzusósa, ostur, skinka, ananas, beikon	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
<b>21. PSR</b> Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir, rjómaostur, sv. ólífur, sv. pipar	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
<b>22. KRYDDPIZZA (kryddbrauð)</b> Ólífuolía, ostur, kryddblanda	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050
<b>23. HVÍTLAUKSPIZZA</b> Ólífuolía, ostur, hvíttlaukur, hvíttlaukskrydd	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050



# SPURNING TIL BÆJARBUA

Hverjir verða enskir  
meistarar í fótbolta?




**GRÉTAR SNÆR:**  
Manchester United



**BIRTA:**  
Klárlega Liverpool



**BENNI NI:**  
Man. Utd.



**DANÍEL ÆGIR:**  
Arsenal



**DÍSA:**  
Manchester United auðvitað



**GÍSLI ÓLAFFS:**  
Arsenal



Afmælisveisla á Hvirfli



Ruth í stuði



Boxarinn í Tælandi



Smalinn



Spekulasjónir



Allt í standi



Andri og Jói spænski



Mosfellingar samtímans



Jónas og Guðrún alltaf hress

## HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Hurðaskellir



Allra veðra von



Gæsasumarið 2007



Marteinn í sumarfríinu



Gunni sprækur



K.Tomm og Sigurður Hreiðar



Bólsararnir Atli og Teitur



Valdi Kaldi



Í Ásgarði



Skvísurnar í vinnuskólanum



Sænsku ferðalangarnir



Ullarpeysur



Engar áhyggjur, Siggí Borgar



Halló halló



Ríðið feitum hesti



Tungunni



Pé og Dýrið



Tiger



**NÝ GIFT**



**LÓA OG BJARNI INGVAR  
GIFTU SIG ÓVÆNT Í SVEITINNI**

### TVÍFARAR



**HALLDÓR**



**ROBBIE WILLIAMS**

## SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

### Íbúð til leigu

4. herbergja íbúð til leigu í Mosfellsbæ frá og með 1. sept. langtíma leiga eingöngu. *Uppl. í síma 8484984*

### Hjól fannst

Hjól af tegundinni Mongoose fannst við hesthúshverfið *Upplýsingar í síma: 5538232*

### Óskum eftir leiguíbúð

Hjón með 1 barn óska eftir íbúð til leigu til skamms tíma vegna byggingafrákvæmda, leiga getur greiðst fyrirfram ef óskað er. *Fannar 8252212*

### Íbúð til leigu

5 herbergja íbúð til leigu frá 10. sept. -1. júní á góðum stað í Mosó. Leiguverð 135.000 kr per mánuð, rafmagn og hiti innifalín. *Uppl. í síma 849 4733 / 896 1068 eftir kl 17:00.*

### Herbergi til leigu

Til leigu herbergi með sameiginlegum aðgangi að eldhúsi og baði. Leigutími frá 10. sept. -1. júní. Leiguverð 50.000 kr per mánuð, rafmagn og hiti innifalín. *Uppl. í síma 849 4733 / 896 1068 eftir kl 17:00.*

### Vantar húsbúnað

Okkur bráðvantar húsbúnað handa okkar erlendu leikmönnum sem leika munu með meistaraflökki handboltans í vetur. Allt kemur til greina. Hafið endilega samband og við sækjum dótið til ykkar. *Guðmundur s:8634104 eða Lárus s:8562707*

## Óskum eftir 40-70 fm<sup>2</sup> iðnaðarhúsi

Helst snyrtilegt og með salernisaðstöðu.

Hafið samband í síma: 693 5151 eða 693 5153

GLK matvæli

Við leitum eftir mönnum til framtíðarstarfa við smíði og uppsetningu á ágluggum, álhurðum sólstofum og fl.

Erum nýfluttir í Flugumýri 34 Mos.

**Góð laun í boði fyrir góða menn.**

*Áhugasamir sendi póst á [algluggar@algluggar.is](mailto:algluggar@algluggar.is)*



# ÍSHAMAR

*Alhliða trésmíði*

Álafossvegur 27 - Sími: 5868356 - [ishamar@ishamar.is](mailto:ishamar@ishamar.is)

## Leitum að starfsfólki

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki til starfa í vaktavinnu á heimili fatlaðs fólks í Mosfellsbæ. Skemmtileg og lærdómsrík störf. Boðið er upp á öflugan stuðning í starfi og þjálfun.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR. Nánari upplýsingar um störfin ásamt öðrum störfum eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði eða á heimasíðunni [www.smfr.is](http://www.smfr.is).



**BOLTINN Í BEINNI**

**ÓPÍÐ ÖLL KVÖLD**

Óskum Mosfellsbæ til hamingju með afmælið

Látum blómin tala

*Hlín Blómahús*

Mosatorgi, Mosfellsbæ - S. 566 8588

**Rentus leigumiðlun er með 3 íbúðir til leigu á Hellu.**

Í Bogatúni er parhús með 2 íbúðum, 136 fm. 4 herb. með bílskur og 70 fm. 3ja herb. íbúð, **báðar eru lausar.**

Fljótlega losnar 157 fm. 4 herb. íbúð í Brúnöldu.



Upplýsingar gefur Barbara hjá Rentus, [barbara@rentus.is](mailto:barbara@rentus.is) - sími 440-6020.



Ég hef hafið störf sem bílasali á bílasölu 100bilar, Funahöfða 1 í Reykjavík. Gamlið sem nýjir viðskiptavinir ávallt velkomnir - alltaf sama góða skapið.

**Love all - serve all**

*Svanþór Einarsson - s. 698 8555*

**NÆSTI MOSFELLINGUR**  
**KEMUR ÚT 7. SEPT.**  
[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



**Öll almenn veislu- og veitingaþjónusta**

Hvort sem er í heimahúsi eða í sal. **Höfum sali til leigu**

Gæðakokkar - Blikastöðum 2  
Símar: 586-8412 / 660-2440





Bestu pizzurnar í bænum

ÞVERHOLT 2 - KJARNI

# MOSFELLINGUR



Kjarna  
Þverholti 2  
Sími: 534 3424



## Nýir skólastjórar í Varmárskóla

Tveir nýir skólastjórar hafa tekið við stjórnun Varmárskóla. Það eru þær Þórhildur Elfarsdóttir, sem starfaði áður sem aðstoðarskólastjóri við Varmárskóla og Þórunna Rósa Ólafsdóttir sem starfaði áður sem aðstoðarskólastjóri við Norðlingaskóla í Reykjavík.

Ljós. Magnús Már



### Hamratangi

**Nýtt í sölu.**  
Mjög vel skipulagt 145,6 fm. raðús með innbyggðum bílskúr auk ca 30 fm óskráðs rýmis. Upptekin loft og mikil lofthæð í stofu og eldhúsi. 5 svefnh og 2 snyrtigar. Innangengt úr bílskúr í íbúð. Stórt bílaplan. Góð staðsetning. **V. 38,5 m.**



Sími:  
**588 55 30**

Opíð virka daga frá kl. 9-18  
Netfang: [berg@berg.is](mailto:berg@berg.is) • [www.berg.is](http://www.berg.is)

Pétur Pétursson  
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



### Stórikriki

Fallegt 258 fm einbýlishús á einni hæð með fallegum byggingarstil sem afhendist fullbúið að utan en fókheldt að innan. Stór lóð. Tvöfaldur bílskúr, tvö baðherbergi, mikil lofthæð og flottur frágangur. Getur afhent á ýmsum gyggingarstigum. **V.45,9 m**



### Bjartahlíð

Ný í sölu. Falleg 95 fm. jarðhæð með sér inngangi við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. 3 góð svefnherbergi. Björt og rúmgóð stofa. Stór gróinn garður. Tvö bílastæði. Flott eign á vinsælum stað. **V. 24,5 m.**



### Hagaland

Gullfalleg 122 fm efri sérhæð auk 31 fm bílskúr í mjög fallegu húsi á góðum stað í Mosfellsbæ. Í íbúð eru þrjú góð svefnherbergi, björt stofa með mikilli lofthæð. Stórar svalir með fallegu útsýni. Eldhús með hvítir U-laga innréttingu. Þvottahús með innréttingu. Fallegt baðherbergi. Góður garður. **V. 35,8m.**



### Lágholt

**Nýtt í sölu.**  
Glæsilegt 198 fm. einbýli með innbyggðum bílskúr. Flott hönnun. Upptekin loft. Arin í stofu. Náttúruflisar og eikarparket. Stór sólpallur. Fallegur garður. 4 svefnherbergi. Stórt eldhús. 2 baðherbergi. Góð staðsetning.



### Byggðarholt

Mjög glæsilegt 228,5 fm. einbýli á einni hæð. Glæsilegur garður með garðhúsi og sólpöllum nánast umhverfis húsið. 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi. Sólstofa með heitum potti. Björt stofa og borðstofa. Stór lóð. Nýtt þak og gler. Stutt í skóla og íþróttasvæði auk hestavallar og hesthúshverfis. Eign í sérflokki. **V. 59 m.**



### Háholt

Glæsilegar 85-94 fm. íbúður í nýju fullfrágengnu fjölbýli við Háholt í Mosfellsbæ. Eignirnar eru með vönduðum innréttingum. Frágangur góður. Nokkrar íbúðir eftir í þessu glæsilega húsi.